

Aðalfundur Foreldrafélags Sjálandsskóla 2. Október 2020

Löglega var boðað til fundarins, var hann haldinn í Sjálandsskóla og settur kl 20:30.

Á fundinn mættu 14 manns.

Fyrir hefðbundinn aðalfund hélt Gunnar Richardson, tómsfundafulltrúi Garðabæjar, erindi um forvarnarmál í Garðabæ.

Kosning fundarstjóra og fundarritara

- Hjörtur Jónsson var kjörinn fundarstjóri og Jónína Snorradóttir fundarritari.

Skýrsla stjórnar

- Hjörtur Jónsson kynsir skýrslu síðasta árs, sem var samþykkt samhljóða.

Lagabreytingar

- Stjórn leggur fram lagabreytingartillögur sem allar voru samþykktar samhljóða.

Reikningar lagðir fram til samþykktar

- Eva Rós Stefánsdóttir fer yfir ársreikning síðasta árs, sem er samþykktur einhljóða.
- Umræða um árgjald foreldrafélagsins, samþykkt einróma að hækka gjaldið úr 1.500kr í 2.000kr.

Kosning fulltrúa í stjórn foreldrafélags

- Arna Friðriksdóttir, Eva Rós Stefánsdóttir, Jónína Snorradóttir og Hjörtur Jónsson gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og voru engin mótframboð. Ásta Kristjánsdóttir lét af störfum í stjórn og gaf Sigríður Hrönn Halldórsdóttir kost á sér í hennar stað og var kjörin.

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

- Óskað var eftir framboðum fyrir skoðunarmenn reikninga, gáfu þau Alma Tryggvadóttir og Stefán Halldór Jónsson kost á sér, voru þau kjörin einróma.

Önnur mál

- Arna Friðriksdóttir fulltrúi foreldra í skólaráði, fer yfir starfsemi skólaráðs: fundað fjórum sinnum yfir veturinn, farið yfir starfsáætlanir, kannanir, foreldrastarf, fjárhag, skóladagatal, starfsmannamál, valfög o.fl.
 - óskað er eftir þátttöku annars foreldris í ráðinu en enginn gefur kost á sér.
- Hjörtur Jónsson fulltrúi í Grunnstoðum segir frá hlutverki Grunnstoða: sameiginlegur vettvangur forelda skólabarna í Garðabæ sem vinna að úrbótum hjá bænum sem gagnast skólasamfélaginu í heild.
 - Óskað eftir varamanni í Grunnstoðir og gefur Guðrún Hulda Jónsdóttir kost á sér og er kjörin einróma.

- Hjörtur Jónsson kynnir velferðarsjóð foreldrafélagsins sem hefur það hlutverk að styrkja börn frá efnaminni fjölskyldum t.d. í skólaferðalög. Sjóðurinn hefur verið óhreyfður í nokkur ár.
 - Athugasemd um hvort ætti að auglýsa sjóðinn á heimasíðu, en eftir nokkra umræðu varð samkomulag um að hafa fyrirkomulag óbreytt, þ.e. að allar umsóknir og úthlutanir fari í gegnum skólastjórnendur, þannig sé best að halda trúnaði um viðkvæm málefni nemenda.
- Rætt um erindi Gunnars, staða forvarnarmála og hvort ástæða sé til að hefja foreldrarölt í bænum á ný. Skiptar skoðanir um málið og því varpað áfram til Grunnstoða.
- Alma Tryggvadóttir, foreldri við skólann, bauðst til að halda fræðslufyrirlestur um “nethættur” við góðar undirtektir viðstaddra. Stjórn tekur að sér skipulag.

Fundi slitið kl 21:55